

Rangárþing ytra  
Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 11. október 2021  
UST202109-285/A.Þ.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 – akstursíþróttasvæði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina íþróttasvæði fyrir akstursíþróttir við Rangárvallaveg austan við Helli þar sem nú er skógræktarsvæði. Skógræktarsvæðið SL28 verður minnkað um 25 ha og nýtt íþróttasvæði ÍP6 skilgreint þar sem heimilt er að vera með aðstöðu fyrir akstursíþróttir, mótorgrosshjól og önnur minni ökutæki auk möguleika á afþreyingarstarfsemi, s.s. litboltavelli og reiðhjólbrautum.

#### **Hljóðvist**

Í greinargerð kemur fram að hávaði frá svæðinu verði umtalsvert meiri en í dag. Tekið er fram að hugsanlega verði sá tími sem svæðið er opið takmarkaður til að íbúar eigi ekki von á ónæði hvenær sólarhringsins sem er. Umhverfisstofnun bendir á að hávaði getur einnig valdið mikilli truflun að degi til og vegna nálægðar brautarinnar við íbúðarbyggðina (sem eru tæpir 400 m) telur stofnunin að gera skuli hávaðamat.

#### **Rykmengun**

Í greinargerð kemur fram að rykmyndun muni aukast umtalsvert. Þá er fjallað um landmótun, manir og trjágróður til að draga úr ásýnd, hávaða og rykmyndun. Umhverfisstofnun bendir á að landmótun og manir geta gagnast til að bæta hljóðvist og ásýnd en virkni þeirra er takmörkuð þegar kemur að rykmengun. Þessar útfærslur geta dregið úr sandfoki þegar hvasst er í veðri en hafa ekki mikil áhrif á þá rykmyndun sem verður í keppni. Umhverfisstofnun telur æskilegt að í deiliskipulagi verði gerð ítarleg grein fyrir hvaða mótvægisáðgerðum verði beitt til að lágmarka rykmengun.

**Loftgæði**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er nefnd losun gróðurhúsalofttegunda þegar fjallað er um áhrif á loftgæði. Stofnunin bendir á að losun gróðurhúsalofttegunda frá aksturssvæðinu er loftslagsmál en þegar fjallað er um loftgæði er átt við rykmyndun og annað sem hefur bein áhrif á íbúa svæðisins.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur